

Stjórnarfundur nr. 17
25. apríl 2012 kl.17:15 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Súsanna Antonsdóttir, Valgerður Júlíusdóttir.

1. Börn og besti vinur mannsins

Í tilefni af barnameningarhátíð í Reykjavík 2012 voru fulltrúar Hundaræktarfélags Íslands (stjórn HRFÍ og stefnumótunarteymi) með hunda til sýnis í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum laugardaginn 21. apríl og sunnudaginn 22. apríl, kl. 13:00-17:00. Börnin fengu afhentan nýútkominn bækling Hundaræktarfélags Íslands „*Sámur, komdu...*“ sem útskýrir á einfaldan hátt fyrir þeim hvernig þau eiga að hegða sér við hunda hvort sem þau þekkja þá eða ekki. Tilgangur bæklingins er fyrst og fremst að forða hundsbiti og kenna börnum umgengni við hunda.

Ein beiðni hefur borist til HRFÍ og óskað eftir að félagið útvegi hund til að heimsækja leikskóla í borginni.

Fjöldi barna og forráðamanna komu og hittu hundana og fengu bækling.

2. Húsnæði fyrir næstu sýningu – í vinnslu

3. Aðalfundur HRFÍ – undirbúningur

Miðvikudagur 23. maí kl. 20:00, Gullteig á Grand hótél.

Svæðafélagi Akureyrar verður boðið upp á sama fyrirkomulag og í fyrra ef þeir eru tilbúnir til að hafa aðalfund. Einnig verður öðrum félagsmönnum út á landi boðið að hlutsta á fundinn en þeir geta þá ekki kosið. Þorsteinn Þorbergsson ætlar að sjá um fjarfundabúnaðinn.

4. Fulltrúaráðsfundur kl. 20:00 – undirbúningur

Dagskrá:

- Stefnumótunarteymi kynnir bæklinginn “*Sámur komdu...*”.
- „Til hamingju með hvolpinn“ - Kynning á DVD disk.
- Umræður um hundahald í þjóðfélaginu
- Önnur mál

5. Tillaga um breytingu í reglugerð um ættbókarskráningu

Vil leggja til að bætt verði inn í reglugerð um ættbókarskráningu að greinist hundur með arfgengan augnsjúkdóm megi aðeins para hann við annan hund sem er ekki með þann augnsjúkdóm. (Þetta taki þá gildi á eftir PRA reglunni og tegundabundum). Augnlæknarnir mæla ítrekað með því að aðeins sé notað frítt á móti en engar reglur eru til um það hér.

Klara Á. Símonardóttir

Samþykkt að hafa sem tilmæli.

6. Erindi frá Tibet Spanieldeild

A-2592

Boðið er upp á augnskoðun þrisvar sinnum á ári. Þar af leiðandi er ekki ástæða til að breyta núverandi reglu.

7. Tvö erindi frá Schäferdeild

- Schäfer síðhærður

A-2593/ A-2594

Samkvæmt dreifibréfi FCI, circular 4/2012, <http://www.fci.be/circulaires/4-2012-annex.pdf> kemur fram að leyfilegt er að para saman schäfer short-haired (double coat) og schäfer long-haired (long double coat), gildir frá 01.01.2012. Þar af leiðandi er beiðnin samþykkt.

Eftirfarandi fer í Reglugerð um skráningu í ættbók undir lið VI. Reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr.

Schäfer (short-haired og long-haired)

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. (Fyrir mjaðmamyndir gildir frá 01.11.1999 og olnbogamyndir frá 01.09.2010). Greinist hundur með mjaðma-og/eða olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.(Gildir frá 01.09.2010)

Para má saman schäfer short-haired og schäfer long-haired, gildir frá 01.01.2012. Ættbókarfæra skal hvolpana það afbrigði sem ræktandi telur þá vera við 8 vikna aldur. Varðandi umskráningu á schäfer short-haired /schäfer long-haired, schäfer long-haired/schäfer short-haired þá þarf hundurinn að vera sýndur eftir 9 mánaða aldur á viðurkenndri FCI sýningu áður en hann er umskráður. Telji eigandi hundinn vera annað afbrigði en hann var skráður í upphafi í ættbók skal skrá hann á sýningu sem það afbrigði sem eigandi telur hundinn vera. Ef dómari samþykkir hundinn sem það afbrigði, er hægt að láta umskrá afbrigðið í ættbók.

Eftirfarandi verður sett í sýningareglur HRFÍ undir lið 55, sérstök ákvæði:

German Shepherd Dog (Short-haired og Long-haired)

Hvolpar eru skráðir það afbrigði sem ræktandi telur þá vera við 8 vikna aldur. Varðandi umskráningu á schäfer short-haired/schäfer long-haired, schäfer long-haired/schäfer short-haired, þá þarf hundurinn að vera sýndur eftir 9 mánaða aldur á viðurkenndri FCI sýningu áður en hann er umskráður. Telji eigandi hundinn vera annað afbrigði en hann var upphaflega skráður í ættbók, skal skrá hann á sýningu sem það afbrigði sem eigandi telur hundinn vera. Ef dómari samþykkir hundinn sem það afbrigði, er hægt að láta umskrá afbrigðið í ættbók.

- Óskað eftir að gerðar verði breytingar á kröfum tegundarinnar til þess að hljóta titilana íslenskur og alþjóðlegur meistari. Auk þess óskar stjórn deildarinnar eftir að breytingar veri gerðar á kröfum tegundarinnar til að að keppa í vinnuhundaaflokki á sýningum. **A-2595**

Samþykkt og verður þá eftirfarandi:

Sérákvæði um meistarareglur fyrir vinnuhunda (Gildir fyrir hunda sem fæddir eru eftir 1. janúar 1999).

71. Ákvæði fyrir schäfer hund (166) í tegundarhópi 1.

Schäfer hundur þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að hljóta titilinn íslenskur meistari (ISCh):

- a. Að hafa hlotið þrjú meistarastig á sýningum HRFÍ, hjá þremur mismunandi dómurum, þar af eitt stig eftir 24 mánaða aldur (24 mán.+1 dagur).
- b. Hundur þarf að vera röntgenmyndaður m.t.t. mjaðmaloss (HD) og olnbogaloss (AD)* (*Gildir fyrir hunda fædda eftir 1. janúar 2005) og niðurstöður þurfa að liggja fyrir.
- c. Hundur þarf að hafa varanlegt auðkenni (örmerki/húðflúr).
- d. Hundur þarf að hafa staðist vinnueiginleikapróf sem hér segir:
 - i. Skapgerðarmat. (*Fellt niður frá og með 01.04.2011*)
 - ii. Sporleitarpróf viðurkennt af HRFÍ eftir 9 mánaða aldur.
 - iii. Bronsmerki í hlýðni. (Gildir fyrir hunda fædda eftir 1. janúar 2004).

- e. Innfluttur hundur með IPOI próf (Schutzhund, SCHH1) jafngildir lið ii og iii.
- f. Hundur sem hefur staðist B-próf frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, Björgunarhundasveit Íslands eða Leitarhundum jafngildir lið ii.
- g. Hundur sem hefur staðist A-próf frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, Björgunarhundasveit Íslands eða Leitarhundum jafngildir lið ii og iii.

8. Reglan um PRA - *Frestað*

9. Auðkenni vegna Smalaeðlisprófs

A-2596

Þeir sem lokið hafa og staðist smalaeðlispróf fá auðkenni fyrir aftan nafn sitt í ættbók, „HIT“, (Hearing instinct test). Samþykkt og verður unnið að koma því í nýja tölvukerfið.

10. Ársskýrslur

- Tíbet spaneildeild

11. Veði- og vinnupróf

- **Retrierverdeild – prófnr.201201 – haldið 14. apríl / Tjarnhólar**

Dómari var Dagur Jónsson, fulltrúi HRFÍ var Margrét Pétursdóttir, prófstjóri var Kjartan Lorange. Alls voru skráðir 7 hundar þ.e. 4 í byrjendafll., 2 í opnum fl., einn í úrvalsflokk.

- **FHD – prófnr.501205 – haldið 13.-15. apríl/ Kaldaprófið**

Dómari var Glenn Olsen og Cato Jonassen frá Noregi, fulltrúi HRFÍ var Pétur A.

Guðmundsson og prófstjóri var Kristinn I. Valsson. Alls voru 22 hundar skráðir í prófið, alls 44 skráningar.

- **Vinnuhundadeild – próf á starfsárinu**

- Bronspróf – 28. maí – dómari var Monika Karlsdóttir, prófstjóri var Lovísa Bragadóttir og ritari var Heiðrún K. Johansen. Alls voru 4 hundar skráðir, tveir fengu bronsmerki og tveir náðu ekki.
- Bronspróf - 3. september – dómari var Sigríður Bílddal, prófstjóri var Lovísa Bragadóttir, ritari var Heiðrún K. Johansen. Prófið var haldið í reiðhöll Gusts í Kópavogi, alls voru skráðir 5 hundar, einn mætti ekki, einn náði bronsmerki.
- Hlýðni I – 3. september – dómari var Monika Karlsdóttir, prófstjóri var Lovísa Bragadóttir og ritari var Heiðrún K. Johansen. Alls voru 3 hundar skráðir, einn fékk silfurmerki, einn hætti keppni og einn náði ekki.
- Bronspróf - 17. september – dómari var Monika Karlsdóttir, prófstjóri var Heiðrún Klara Johansen. Prófið var haldið í reiðhöll Gusts í Kópavogi. Alls 4 hundar voru skráðir, einn mætti ekki, enginn fékk bronsmerki.
- Hlýðni I – 17. september – dómari var Monika Karlsdóttir, prófstjóri var Heiðrún Klara Johansen. Prófið var haldið í reiðhöll Gusts í Kópavogi. Alls voru 7 hundar skráðir en einn mætti ekki og einn hætti keppni. Tveir hundar fengu silfurmerki.
- Spor I og II – í samvinnu við Schnauzerdeild- 15. október – dómari var Albert Steingrímsson, prófstjóri var Guðjón Á. Birgisson, ritari var Haukur Birgisson. Alls voru 3 hundar skráðir í spor I og náði einn hundur prófinu. Alls 4 hundar voru skráðir í spor II og stóðust 2 hundar prófið.
- Hlýðni I – unnið í samvinnu við Schnauzerdeild – 13. nóvember. Dómari var Björn Ólafsson, prófstjóri var Lovísa Bragadóttir og ritari var Guðbjörg Guðmundsdóttir. Alls voru 6 hundar skráðir í prófið. Þrjú fengu silfurmerki, tveir náðu prófinu en voru búnir að fá silfurmerki áður, einn hundur náði ekki prófinu.

- Bronspróf – 18. mars – dómari var Guðrún Hafberg, prófstjóri var Lovísa Bragadóttir og ritari var Heiðrún K. Johansen. Alls 6 hundar voru skráðir, 2 náðu bronsmerki, þrír náðu ekki og einn mætti ekki.
- Hlýðni I – 18. mars – dómari var Guðrún Hafberg, prófstjóri var Lovísa Bragadóttir og ritari var Heiðrún K. Johansen. Alls 3 hundar voru skráðir og náðu allir prófinu. Þeir voru allir búnir að fá silfurmerki.
- Bronspróf – 7. apríl – dómari var Guðrún Hafberg, prófstjóri var Ylfa Ólafsdóttir, ritari voru Þórdís Bachman og Ingibjörg Friðriksdóttir. Alls 6 hundar voru skráðir, 2 mættu ekki, einn hætti keppni, tveir fengu bronsmerki og einn náði ekki prófi.

12. Önnur mál

- Gæludýr.is og Dalsmynni

Bendum viðkomandi aðilum að koma ábendingum til eiganda Gæludýra.is.

- Kvörtun Smáhundadeildar vegna tafa sem hafa orðið við afgreiðslu máls sem var vísað til nefndarinnar. **A- 2597**

Stjórn HRFÍ mun leita eftir svörum hjá laganefnd.

- Helga Finnsdóttir óskar eftir svari frá stjórn HRFÍ hvort hún eigi að fara á fund vísindaráðs í Kaupmannahöfn í október.

Ný stjórn tekur ákvörðun um málið í vor.

- **Samþykkt að dómara félagsins þurfi að vera fullgildir félagsmenn (virkir) ef þeir dæma á sýningum, vinnu- eða veiðiprófum félagsins.**

- Securitas ehf. – Ítrekað hefur komið fyrir hjá sömu aðilum/deildum að **A- 2598** þjófavarnarkerfið fer af stað á skrifstofu. Útkall kostar kr. 7.580. Spurning hvort eigi að láta þær deildir greiða útkall þegar kerfið fer af stað.

Samþykkt að deildir sem hafa afnot af skrifstofu greiði fyrir útkall hjá Securitas ef þjófavarnarkerfið fer af stað. Senda tölvupóst til deilda. Þeir sem fá húsnæði félagsins lánað þurfa að gera það í nafni deilda og skrá ábyrgðamann.

Næsti fundur áætlaður miðvikudaginn 9. maí kl.17:15

Fundi slitið

Sign:

Anna María Flygenring, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Súsanna Antonsdóttir, Valgerður Júlíusdóttir.